

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2011****2011/EES/65/09****frá 30. september 2011****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2011 frá 19. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um fyrir útbreiðslu skynvæðra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 17j (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/96/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„17k. **32010 L 0040**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um fyrir útbreiðslu skynvæðra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tengingu þeirra við aðra flutningsmáta (Stjttíð. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2010/40/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 78.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.